

SAMÞYKKT

um afgreiðslu byggingarfulltrúans á Neskaupstað á tilteknum verkefnum án afgreiðslu byggingarnefndar.

1. gr.

Byggingarfulltrúinn í Neskaupstað afgreiðir, án samþykkis byggingarnefndar, mál er varða sérbýlishús, þ.e.a.s. einbýlis-, par- og raðhús, viðbyggingar og minni mannvirki er uppfylla öll ákvæði laga og reglugerða, breytingar á innra skipulagi mannvirkja, rétta notkun húsa, niðurrif húsa, löggildingar iðnmeistara og minni háttar útlitsbreytingar.

2. gr.

Mál er falla undir 1. gr. afgreiðir byggingarfulltrúi og getur gefið út byggingarleyfi strax ef framkvæmdin uppfyllir öll ákvæði laga og reglugerða sem við geta átt að tveimur skilyrðum uppfylltum:

1. Að meistari sem ábyrgð ber hafi undirritað yfirlýsingu um ábyrgð sbr. 2. mgr. 18. gr. og 19. gr. byggingarlaga nr. 54/1978, ásamt síðari breytingum nr. 47/1990.
2. Byggingarleyfisgjöld og önnur tilskilin gjöld hafi verið greidd.

3. gr.

Mál sem byggingarfulltrúi afgreiðir samkvæmt samþykkt þessari skulu lögð fram til kynningar í byggingarnefnd og bókuð í gerðabók byggingarnefndar en ekki tekin þar til afgreiðslu. Í gerðabók byggingarnefndar skal koma fram hver sækir um byggingarleyfi (byggingarfulltrúaleyfi), hvað verið er að byggja og hvernig afgreiðslu málið fékk hjá byggingarfulltrúa.

4. gr.

Hafi byggingarnefnd athugasemdir fram að færa við afgreiðslu byggingarfulltrúa samkvæmt samþykkt þessari getur hún breytt afgreiðslu málsins að öðru leyti en því að útgefið byggingarleyfi gildir eins og byggingarfulltrúi afgreiðir það.

5. gr.

Um afgreiðslu byggingarfulltrúa gilda ákvæði III. og IV. kafla byggingarlaga nr. 54/1978, með breytingum nr. 47/1990, eftir því sem við á.

6. gr.

Telji einhver rétti sínum hallað með afgreiðslu byggingarfulltrúa getur hann skotið málinu til byggingarnefndar og fer um meðferð kærumála samkvæmt byggingarlögum nr. 54/1978, með síðari breytingum og stjórnsýslulögum nr. 37/1993. Hann getur einnig skotið máli sínu til úrskurðar umhverfisráðherra, sbr. 7. mgr. 8. gr. byggingarlaga.

7. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Neskaupstaðar, sem gerð er samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 82/1994, um reynslusveitarfélög, staðfestist hér með samkvæmt 2. mgr. 7. gr. sömu laga sbr. 16. gr. laganna til þess að öðlast gildi þegar í stað og gilda til og með 31. desember 1999.

Umhverfisráðuneytið, 21. nóvember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.